



SAMORKA
Samtök orku- og veitufyrirtækja

*Innan Samorku starfa fráveitur, hitaveitur,
vatnsveitur, raforkuframleiðendur, raforku-
salar og flutnings- og dreifingaraðillar raforku*

1

Nefndasvið Alþingis
b.t. stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

26. maí 2015

Umsögn Samorku um frv. til breytinga á upplýsingalögum nr. 140/2012, 272. mál

Í 1. gr. frumvarpsins segir:

Á eftir 13. gr. laganna kemur ný grein, 13. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Upplýsingar um kaup á vörum og þjónustu.

Stjórnvöldum og lögaðilum, sem eru að 51% hluta eða meira í eigu hins opinbera, er skylt að birta opinberlega sundurgreindar upplýsingar um kaup á vörum og þjónustu yfir 150.000 kr. í hverjum almanaksmánuði, nema ákvæði 10. gr. um takmarkanir á upplýsingarárétti vegna almannahagsmuna eigi við. Skulu upplýsingarnar vera öllum aðgengilegar og birtar sem mánaðarlegt yfirlit á heimasiðu viðkomandi stjórnvalds eða lögaðila eigi síðar en 10. dag næsta mánaðar. Þar skal kaupfjárhæð koma fram, ásamt lýsingu á keyptri vörum og þjónustu. Þá skulu einnig fylgja upplýsingar um hver seljandi er.

Fjárhæðir skv. 1. mgr. skulu breytast annað hvort ár í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs, í fyrsta sinn 1. janúar 2017.

Flest íslensk orku- og veitufyrirtæki myndu falla undir þetta nýja ákvæði, yrði það innleitt í lögini. Sum af stærstu orkufyrirtækjunum jafnt sem smærri veitur sveitarfélaga. Ljóst er þó að í sumum tilvikum fellur starfsemi orkufyrirtækja, að hluta til a.m.k., undir 4. tölulið nefndrar 10. gr. laganna um takmarkanir á upplýsingarárétti, þar sem vísað er til viðskipta stofnana og fyrirtækja í eigu ríkis eða sveitarfélaga að því leyti sem þau eru í samkeppni við aðra. Á þetta einkum við um vinnslu og sölu á raforku.

Ábyrg meðferð fjármuna og gagnsæi í rekstri eru sannarlega áherslumál í rekstri orku- og veitufyrirtækja. Útboð, opnir ársfundir, stefnumörkun um opna upplýsingagjöf, aðgengilegir ársreikningar og ársskýrslur. Allt eru þetta dæmi um slíkar áherslur og vægi slíkrar stefnumörkunar fer sífellt vaxandi.

Engu að síður er það mat Samorku að umrætt frumvarp til breytinga á upplýsingalögum myndi hafa í för með sér óeðlilega íþyngjandi starfsumhverfi fyrir orku- og veitufyrirtæki. Um yrði að ræða gríðarlega umfangsmikið utanumhald hjá stærri fyrirtækjunum, en hjá



SAMORKA
Samtök orku- og veitufyrirtækja

*Innan Samorku starfa fráveitur, hitaveitur,
vatnsveitur, raforkuframleiðendur, raforku-
salar og flutnings- og dreifingaraðillar raforku*

2

þeim smærri yrði það jafnframt gríðarlega umfangsmikið í samhengi lítils rekstrar með allt niður í 1-2 starfsmenn. Hjá stærri fyrirtækjunum verður vart annað séð en að ráða þyrti sérstakt starfsfólk til að sinna þessu verkefni með tilheyrandi kostnaðarauka, en hjá þeim smærri myndi þetta verkefni jafnframt hafa í för með sér verulegt álag fyrir fáliðað starfsfólk, væntanlega með auknum tilkostnaði. Ætla verður að slíkur viðbótarkostnaður myndi í flestum tilvikum rata í verð til neytenda.

Skv. mati eins meðalstórs orkufyrirtækis yrðu þetta að jafnaði um 300 færslur á mánuði, sem skrá þyrti með þessum hætti (keypt vara/bjónusta, verð og seljandi) og yfirfara fyrir birtinga á vefsíðu.

Samorka leggst eindregið gegn samþykkt þessa frumvarps.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,

Gústaf Adolf Skúlason
framkvæmdastjóri